

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003,
með síðari breytingum (skipt búseta barns).

Frá Þorbjörgu Sigríði Gunnlaugsdóttur, Guðmundi Andra Thorssyni
og Kötlu Hólm Þórhildardóttur.

Við 30. gr.

- a. Við 2. tölul. bætist nýr liður, svohljóðandi: Við 1. mgr. 4. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Hafi framfærendur gert samkomulag um skipta búsetu samkvæmt barnalögum er heimilt að greiða helming umönnunargreiðslna til hvors þeirra.
- b. Við bætist tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:
 10. *Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018*: Á eftir 1. másl. 4. mgr. 3. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Barn í skiptri búsetu samkvæmt barnalögum hefur rétt á sömu þjónustu á lögheimili og búsetuheimili.
 11. *Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991*: Við 13. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sé barn í skiptri búsetu samkvæmt barnalögum en lögheimili og búsetuheimili þess hvort í sínu sveitarfélagi skal það hafa rétt til þjónustu eða aðstoðar í báðum sveitarfélögum ef skilyrði laga þessara eru að öðru leyti uppfyllt.